

28. desember 2000

Hag-Vísir Vesturlands 3. tbl. 2000

Útsvar á hvern íbúa

SSV / Atvinnuráðgjöf
Vesturlands

Vífill Karlsson

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
2	ÚTSVAR	4
2.1	REIKNIGRUNNUR ÚTSVARIS.....	4
2.2	REIKNIGRUNNUR ÞRÓUNAR ÚTSVARIS OG ÚTSKÝRINGAR.	4
3	ÚTSVAR Á HVERN ÍBÚA	5
4	ÞRÓUN ÚTSVARIS Á HVERN ÍBÚA	8
5	VIÐAUKI: GÖGNIN OG TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR	17
6	HEIMILDASKRÁ	23

1 Inngangur

Fram til þessa hefur því verið haldið fram að kjör launamanna séu lakari á landsbyggðinni heldur en á höfuðborgarsvæðinu.

Margar skýringar kunna að vera á því. Má þar nefna aðra samsetningu atvinnugreina. Meiri arðsemi fyrirtækja vegna nálægðar við sérhæfðari þjónustu, stærri og fjölbreyttari vinnumarkaði og síðast en ekki síst stærri heimamarkaði.

Þó má færa rök fyrir því að munurinn á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu fari minnkandi hvað þetta varðar með tilkomu betri samgangna, hærra menntunarstigi og miklum og hröðum breytingum í upplýsingatækni.

Eitt af þeim atriðum sem kann að gefa vísbendingu um meðallaun samfélags er að skoða útsvar á hvern íbúa. Í þessari skýrslu var litið til sveitarfélaga á Vesturlandi. Reiknað var út útsvar þeirra á hvern íbúa og það borið saman við Vesturland í heild, landsbyggðina, höfuðborgarsvæðið og landsins alls.

Síðan var litið til þróunarinnar 6 ár aftur í tímann og reynt að gera sér grein hvert stefnir.

2 Útsvar

2.1 Reiknigrunnur útsvars

Útsvar er einn mikilvægasti tekjustofn sveitarfélaga. Samkvæmt lögum um útsvar¹ þá er allur tekjuskattstofn einstaklings, grunnur til útreiknings útsvars. Þess vegna fær sveitarfélag útsvarstekjur sem nemur margfeldi tekjuskattsstofns og útsvarsprósentu þess. Heildarútsvar sveitarfélags er því samanlagt margfeldi tekjuskattsstofns og útsvarsprósentu allra skattskyldra einstaklinga í sveitarfélaginu. Þetta má túlka með eftirfarandi hætti,

$$U = \sum_{i=1}^n uT_i$$

Þar sem U stendur fyrir heildar útsvar sveitarfélags, T_i tekjuskattstofn einstaklingssins hvers einstaklings, n er fjöldi skattskyldra íbúa, u útsvarsprósentu sveitarfélags.

Í öllum tilvikum tryggir ríkissjóður sveitarfélagi, þann hluta útsvars sem einstaklingurinn innir ekki sjálfur af hendi, vegna mögulegra skattfríðinda sbr. venjuleg skattleysismörk.

2.2 Reiknigrunnur þróunar útsvars og útskýringar.

Sé litið til þróunar á útsvari á hvern íbúa í landinu þá má nálgast hana með tvennum hætti. Í fyrsta lagi má nálgast heildarútsvar sveitarfélaga í landinu úr sveitarsjóðareikningum Hagstofu Íslands, og deila í hana með fjölda íbúa.

Það má í annan stað nálgast þessa tölu með því að skoða breytingar á launavísitölu og breytingar á útsvarsprósentu sveitarfélaga. Margfeldi þessara breytinga ætti að gefa okkur sömu niðurstöðu, séu menn að byggja á sömu upplýsingum.

¹ Tilvísun

3 Útsvar á hvern íbúa

Þegar litið er til úttekta Hagstofu Íslands á sveitarsjóðareikningum 1994 til 1999 þá má greina eftirfarandi upplýsingar;

Tafla 1: Útsvar á hvern íbúa árin 1994 til 1999 eftir svæðum, Tölurnar eru í þúsundum króna og á verðlagi ársins 1999.						
Svæði	Útsvar á hvern íbúa					
	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Landið allt	81,8	86,1	100,4	119,1	129,5	139,7
Höfuðborgarsvæðið	81,1	86,5	101,3	120,4	131,4	146,4
Landsbyggðin	82,7	85,5	99,0	117,1	126,7	128,8
Vesturland	80,6	85,4	99,5	118,1	127,5	129,5
Akranes	85,5	93,7	108,5	129,3	140,8	137,5
Borgarfjarðarsýsla án Akranes	63,2	69,1	78,5	93,8	102,7	107,1
Borgarbyggð	71,6	74,1	88,5	109,1	116,2	118,5
Kolbeinsstaða-, Eyja & Miklaholtshreppur			68,8	71,9	90,4	88,6
Snæfellsbær	92,1	90,5	113,9	125,7	132,9	142,7
Eyrarsveit	88,8	88,5	102,3	118,7	123,0	125,2
Stykkishólmsbær	84,3	96,1	101,6	124,2	133,1	138,1
Dalabyggð	68,2	71,3	81,3	98,0	111,4	120,1
Hæsta gildi	92,1	96,1	113,9	129,3	140,8	146,4
Lægsta gildi	63,2	69,1	68,8	71,9	90,4	88,6
Munurinn á milli hæsta og lægsta gildis	28,9	27,0	45,1	57,5	50,4	57,8
Staðalfrávik allra svæða	8,8	8,9	13,3	16,5	14,5	16,6
Staðalfrávik svæða á Vesturlandi	11,2	11,4	16,0	19,8	17,0	18,1
Staðalfrávik svæða á Vesturlandi - KEM²	11,2	11,4	13,7	14,1	13,6	12,9

Í töflu 1 má sjá 8 svæði á Vesturlandi borin saman við Vesturland, landsbyggðina, höfuðborgarsvæðið og landið allt. Í þremur neðstu línunum má sjá staðalfrávik talnasafnsins á hverju ári. Það bendir til þess að hlutfallslegur munur á milli hæsta og lægsta útsvars pr. íbúa sé heldur að aukast á tímabilinu. Þó gefur neðsta línan til kynna að hámarkinu hafi verið náð árið 1997 og munurinn á milli sveitarfélaga á Vesturlandi sé heldur að minnka hlutfallslega.

Sé rýnt frekar í tölurnar vaknar sú spurning gjarnan hvaða svæði fær hæsta útsvar á íbúa. Þetta er mjög mismunandi allt eftir því til hvaða árs er litið. Upplýsingum í töflu 1 er raða upp eftir árinu 1999 og niðurstöðurnar að finna í töflu 2.


² Kolbeinsstaða-, Eyja og Miklaholtshrepps.

Tafla 2: Útsvar á hvern íbúa árin 1994 til 1999 eftir svæðum, Tölurnar eru í þúsundum króna og á verðlagi ársins 1999. Svæðum raðað eftir því hæsta árið 1999.

Svæði	Útsvar á hvern íbúa					
	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Höfuðborgarsvæðið	81,1	86,5	101,3	120,4	131,4	146,4
Snæfellsbær	92,1	90,5	113,9	125,7	132,9	142,7
Landið allt	81,8	86,1	100,4	119,1	129,5	139,7
Stykkishólmsbær	84,3	96,1	101,6	124,2	133,1	138,1
Akranes	85,5	93,7	108,5	129,3	140,8	137,5
Vesturland	80,6	85,4	99,5	118,1	127,5	129,5
Landsbyggðin	82,7	85,5	99,0	117,1	126,7	128,8
Eyrarsveit	88,8	88,5	102,3	118,7	123,0	125,2
Dalabyggð	68,2	71,3	81,3	98,0	111,4	120,1
Borgarbyggð	71,6	74,1	88,5	109,1	116,2	118,5
Borgarfjarðarsýsla án Akranes	63,2	69,1	78,5	93,8	102,7	107,1
Kolbeinsstaða-, Eyja & Miklaholtshreppur			68,8	71,9	90,4	88,6

Hér er það svæði efst sem hefur hæsta útsvar á íbúa árið 1999, svo það sem hefur það næsthæsta og svo koll af kalli. Fram kemur að höfuðborgarsvæðið ber höfuð og herðar yfir önnur svæði, sjá nánar í mynd 1.

Mynd 1: Útsvar á hvern íbúa eftir svæðum árið 1999



Í töflu 3 má sjá hversu mörgum þúsund krónum tiltekið svæði er hærra í útsvari á hvern íbúa heldur en það næsta í röðinni.

Tafla 3: Útsvar á hvern íbúa árin 1994 til 1999 eftir svæðum, Tölurnar eru í þúsundum króna og á verðlagi ársins 1999. Svæðum raðað eftir því hæsta árið 1999.

Svæði	Útsvar á hvern íbúa					
	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Höfuðborgarsvæðið						3,7
Snæfellsbær						3,0
Landið allt						1,6
Stykkishólmur						0,6
Akranes						8,0
Vesturlandskjördæmi						0,7
Landsbyggðin						3,6
Eyrarsveit						5,1
Dalabyggð						1,6
Borgarbyggð						11,4
Borgarfjarðarsýsla án Akranes						18,5
Kolbeinsstaða-, Eyja & Miklaholtshreppur						

Því má meðal annars sjá í töflu 3 að höfuðborgarsvæðið er 3700 krónum hærra heldur en næsta svæði sem kemur á eftir í röðinni en það er Snæfellsbær.

4 Þróun útsvars á hvern íbúa

Yfirskrift þessarar úttektar er þróun útsvars þar sem sveitarfélög/svæði á Vesturlandi eru í brennidepli. Fyrir valinu varð tímabilið 1994 til 1999. Ástæðan fyrir þessu vali er einfaldlega aðgengi gagna. Kostur tímaráðarinnar er sá að árið 1994 erum við nokkuð nálægt botni efnahagslögðarinnar sem hófst í upphafi áratugarins en 1999 erum við farin að sjá yfir toppin á núverandi þensluskeiði. Ókostur tímaráðarinnar er tvímælaust hversu stutt hún er, sem gerir allan samanburð, m.t.t. tölfræðilegrar marktækni, varhugaverðan.

Þegar litið er til þróunarinnar verður að hafa í huga að skýringanna kann víða að leita. Hér koma m.a. inn í útsvarsþróun sveitarfélaganna og svo einnig launabreytingar á tímabilinu. Reikniregla útsvars er sáraeinföld eins og sjá má í fyrri kafla.

Eins og sjá mátti í töflu 2 þá var höfuðborgarsvæðið með hæsta útsvar á hvern íbúa af þeim tólf svæðum sem skoðuð voru árið 1999. En hvernig var þetta í upphafi tímabilsins, þ.e. 1994? Í töflu 4 sést hvernig svæðin raðast eftir útsvari á hvern íbúa.

Tafla 4: Útsvar á hvern íbúa árin 1994 til 1999 eftir svæðum, Tölurnar eru í þúsundum króna og á verðlagi ársins 1999. Svæðum raðað eftir því hæsta árið 1994.

Svæði	Útsvar á hvern íbúa					
	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Snæfellsbær	92,1	90,5	113,9	125,7	132,9	142,7
Eyrarsveit	88,8	88,5	102,3	118,7	123,0	125,2
Akranes	85,5	93,7	108,5	129,3	140,8	137,5
Stykkishólmsbær	84,3	96,1	101,6	124,2	133,1	138,1
Landsbyggðin	82,7	85,5	99,0	117,1	126,7	128,8
Landið allt	81,8	86,1	100,4	119,1	129,5	139,7
Höfuðborgarsvæðið	81,1	86,5	101,3	120,4	131,4	146,4
Vesturland	80,6	85,4	99,5	118,1	127,5	129,5
Borgarbyggð	71,6	74,1	88,5	109,1	116,2	118,5
Dalabyggð	68,2	71,3	81,3	98,0	111,4	120,1
Borgarfjarðarsýsla án Akranes	63,2	69,1	78,5	93,8	102,7	107,1
Kolbeinsstaða-, Eyja & Miklaholtshreppur			68,8	71,9	90,4	88,6

Hér má sjá að höfuðborgarsvæðið er það sjöunda í röðinni. Snæfellsbær er hins vegar í fyrsta sæti, Eyrarsveit í öðru sæti og Akranes í því þriðja. Í töflu 5 má hins vegar sjá hvernig þessi sætaskipan er árin 1994 til 1999.

Tafla 5: Útsvar á hvern íbúa árin 1994 til 1999 eftir svæðum, Tölurnar eru í þúsundum króna og á verðlagi ársins 1999. Talan gefur til kynna í hvaða röð sveitarfélagið var á hverju ári.

Svæði	Útsvar á hvern íbúa					
	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Snæfellsbær	1	3	1	2	3	2
Eyrarsveit	2	4	3	6	8	8
Akranes	3	2	2	1	1	5
Stykkishólmsbær	4	1	4	3	2	4
Landsbyggðin	5	7	8	8	7	7
Landið allt	6	6	6	5	5	3
Höfuðborgarsvæðið	7	5	5	4	4	1
Vesturland	8	8	7	7	6	6
Borgarbyggð	9	9	9	9	9	10
Dalabyggð	10	10	10	10	10	9
Borgarfjarðarsýsla án Akranes	11	11	11	11	11	11
Kolbeinsstaða-, Eyja & Miklaholtshreppur			12	12	12	12

Í töflu 6 má sjá hvernig þessi sætaskipan breytist ár frá ári hjá einstöku svæði og í næstfremsta dálki er heildarsætabreyting yfir allt tímabilið.

Tafla 6: Útsvar á hvern íbúa árin 1994 til 1999 eftir svæðum, Tölurnar eru í þúsundum króna og á verðlagi ársins 1999. Tölurnar sýna færslu á sæti á milli ára.

Svæði	Breyting á tímabilinu	Breyting á milli ára					
	1994 - 1999	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Snæfellsbær	↓ 1	1	↓ 2	↑ 2	↓ 1	↓ 1	↑ 1
Eyrarsveit	↓ 6	2	↓ 2	↑ 1	↓ 3	↓ 2	0
Akranes	↓ 2	3	↑ 1	0	↑ 1	↑ 1	↓ 4
Stykkishólmsbær	0	4	↑ 3	↓ 3	↑ 1	↑ 1	↓ 2
Landsbyggðin	↓ 2	5	↓ 2	↓ 1	0	↑ 1	0
Landið allt	↑ 3	6	0	0	↑ 1	0	↑ 2
Höfuðborgarsvæðið	↑ 6	7	↑ 2	0	↑ 1	0	↑ 3
Vesturland	↑ 2	8	0	↑ 1	0	↑ 1	0
Borgarbyggð	↓ 1	9	0	0	0	0	↓ 1
Dalabyggð	↑ 1	10	0	0	0	0	↑ 1
Borgarfjarðarsýsla án Akranes	0	11	0	0	0	0	0
Kolbeinsstaða-, Eyja- & Miklaholtshreppur	0			0	0	0	0

Hér má sjá að höfuðborgarsvæðið nær að krafla sig upp um flest sæti, eða 6 sæti, en Eyrarsveit tapar flestum sætum, eða 6. Athygli vekur að nokkur

mikil hreyfing er á svæðum sem verma efstu en sáralítill hreyfing er á 5 neðstu sætunum. Einkenni neðstu sætanna er landbúnaður og þjónusta í kringum hann, þ.e. Borgarbyggð, Dalabyggð, Borgarfjarðarsýsla án Akraness, Kolbeinsstaða-, Eyja- & Miklaholtshreppur.

Ef við höttum samanburði á þróun milli svæða í “absólut” tölum og lítum nú til hlutfallslegra breytinga, breytist myndin töluvert. Þess má geta að Dalabyggð og höfuðborgarsvæðið er þau svæði sem útsvar á hvern íbúa hækkar mest á tímabilinu. Sé tímabilið þrengt niður í 1996 til 1999 er útkoman sú sama að öðru leiti en því að þá hefur Dalabyggð vinninginn yfir höfuðborgarsvæðið. Ástæðan fyrir þrengingunni var einfaldlega gerð til þess að koma Kolbeinsstaða-, Eyja – og Miklaholtshreppi inn í samanburðinn en tölur vantaði fyrir það svæði fyrir árin 1994 og 1995.

Tafla 7 hefur að geyma hlutfallslega aukningu á tímabilinu 1996 til 1999.

Tafla 7: Hlutfallsbreyting á útsvari pr. mann eftir svæðum frá árinu 1996 til 1999. Svæðum raðað eftir vexti.	
Svæði	%
Dalabyggð	47,8
Höfuðborgarsvæðið	44,5
Landið allt	39,2
Borgarfjarðarsýsla án Akranes	36,4
Stykkishólmsbæ	35,9
Borgarbyggð	33,9
Landsbyggðin	30,2
Vesturland	30,1
Kolbeinsstaða-, Eyja & Miklaholtshreppur	28,9
Akranes	26,7
Snæfellsbæ	25,3
Eyrarsveit	22,4

Tafla 8 hefur að geyma hlutfallslega aukningu á tímabilinu 1994 til 1996.


Tafla 8: Hlutfallsbreyting á útsvari pr. mann eftir svæðum frá árinu 1994 til 1999. Svæðum raðað eftir vexti.

Svæði	%
Höfuðborgarsvæðið	80,5
Dalabyggð	76,1
Landið allt	70,8
Borgarfjarðarsýsla án Akranes	69,3
Borgarbyggð	65,5
Stykkishólmsbær	63,9
Akranes	60,8
Vesturland	60,8
Landsbyggðin	55,7
Snæfellsbær	54,9
Eyrarsveit	41,1
Kolbeinsstaða-, Eyja & Miklaholtshreppur	Ea.

Í framhaldi af þessu væri gaman að reikna vísitölu útsvars á hvern íbúa fyrir hvert svæði frá árinu 1994 til 1999. Vísitalan sýnir okkur hvernig viðkomandi stærð þróast hlutfallslega frá upphafi tímabilsins til enda þess. Reiknuð er út vísitala hvers svæðis og gefst þá færi á að bera saman hlutfallslega breytingu útsvars á hvern íbúa á milli þeirra, frá einu ári til annars.

Niðurstaða þessara útreikninga er að finna í mynd 2.


Mynd 2



Erfitt er að lesa út úr mynd 2 annað en það að vöxturinn virðist vera mestur á árunum 1995 til 1997.

Þegar ákveðin svæði eru tekin út úr mynd 2 þá má glöggva sig örlítið betur á þessu tölum. Í mynd 3 er höfuðborgarsvæðið og landsbyggðin borin saman sérstaklega.

Mynd 3




Til gamans er sett inn þróun á svonefndu viðmiði. Þetta viðmið er fundið út með þeim hætti að þróun launavísitölu er margfölduð með þróun útsvars, síðan er þessi þróun leiðrétt með þróun verðlags á sama tímabili.

Vikjum fyrst að samanburði höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Þar er þróunin nokkuð í samræmi framan af. Smám saman skilur ferill höfuðborgarinnar sig frá landsbyggðinni þar til að jaðarbreytingin er vaxandi á höfuðborginni síðasta árið en fallandi á landsbyggðinni.

Þegar viðmiðinu, dökkbláu línunni, er bæt inn í þá mátti búast við því að við sjáum þessa línu einhversstaðar mitt á milli svæðanna tveggja þar sem hún ætti að endurspeglar meðaltal þeirra. Við sjáum að slíkt er tilfellið nema í kringum árið 1996. Skýring fyrir þessu er enn ófundin.

Ef við færum samanburðinn nær þá sjáum við í mynd 4 að þróun útsvars á hvern íbúa á Vesturlandi er nokkuð lík þróuninni á landsbyggðinni allri nema hvað að hækkinin er heldur meiri í heildina litið.

Mynd 4




Til frekari glöggvunar voru svæðin flokkuð eftir fjórum atvinnusvæðum, en það var blönduð atvinnustarfsemi, landbúnaður, landbúnaðarþjónusta og sjávarútvegur. Flokkunina er að finna í töflu 9.

Tafla 9: Flokkun svæða eftir atvinnustarfsemi.	
Atvinnugreinaflokkun	Svæði
Blönduð atvinnustarfsemi = 1	Akranes, Stykkishólmur
Landbúnaður = 2	Akranes dreifbýli, Borgarnes strjálbýli, Reykholt, Búðardalur strjálbýli og Króksfjarðarnes.
Landbúnaðarþjónusta = 3	Borgarnes, Búðardalur
Sjávarútvegsbyggðir = 4	Grundarfjörður, Olafsvík, Hellisandur

Lítum fyrst til sveitarfélaga blandaðrar atvinnustarfsemi. Í mynd 5 eru þau teiknuð inn og borin saman við Vesturland.


Mynd 5



Á þessu má sjá að Stykkishólmur fylgir landshlutanum nokkuð jafnt eftir allan tímann á meðan að Akranes er heldur fyrir ofan en lækkar svo á milli 1998 og 1999 og er það reyndar eina sveitarfélagið sem gerir það á milli einstakra tímabila. Þetta er gaman að skoða með töflu 6 í huga. Þar kemur fram að Akranes og Stykkishólmur eru með 3. og 4. hæstu greidd útsvör á hvern íbúa árið 1994. Á tímabilinu er Akranes sífellt að sækja á og vermir efsta sætið 1998 en hefur fallið niður í það 5. árið 1999. Á tímabilinu missir Akranes því tvö sæti á þessum lista. Í Stykkishólmi eru sätaskiptingar nokkuð sveiflukenndar á tímabilinu en í lok þess er staðan óbreytt.

Lítum nú til sjávarútvegsbyggða. Þau eru með sama hætti teiknuð inn, í mynd 6, og borin saman við Vesturland í heild.


Mynd 6



Hér má sjá að Snæfellsbær og Eyrarsveit eru með minni hækkun útsvars á hvern íbúa heldur en landshlutinn í heild. Hér verður þó að hafa í huga upplýsingar sem komu fram í kaflanum á undan, nánar tiltekið í töflu 6 að Eyrarsveit og Snæfellsbær eru með hæstu útsvörin á hvern íbúa árið 1994. Á tímabilinu missir Snæfellsbær eitt svæði fram úr sér en Eyrarsveit 6.

Lítum nú til landbúnaðarþjónustusvæða í mynd 7.


Mynd 7



Í myndinni sést að þróun útsvars á hvern íbúa í Borgarbyggð og Dalabyggð er með líkum hætti og þróunin fyrir kjördæmið í heild. Aftur verður að hafa töflu 6 í huga. Þar segir að Borgarbyggð og Dalabyggð séu með 4. og 3. lægstu ústvärin á hvern íbúa árið 1994. Nánast engin breyting verður á þeirri sætaskipan á tímabilinu.

Að lokum er vert að líta til landbúnaðarsvæða í mynd 8.

Mynd 8



Takið eftir að grunnárið er 1996, sem gert var til þess að geta tekið með Kolbeinsstaða-, Eyja og Miklaholtshrepp. Glöggst má sjá á myndinni að þróunin í Borgarfirði án Akraness er með nokkuð líkum hætti og í kjördæminu öllu. Þó er eins og svæðið sitji eilítið eftir í lok tímabilsins. Á þessu stutta tímabili sem náðist fyrir Kolbeinsstaða-, Eyja og Miklaholtshreppi kemur fram allt önnur tilhneyging í þróuninni, hver svo sem skýringin kann að vera. Ef litið er til töflu 6 þá kemur þar fram að þessi svæði vermi tvö neðstu sætin og þau halda þeim nokkuð örugglega, tafla 4, út allt tímabilið.

5 Viðauki: Gögnin og tölulegar upplýsingar.

Umfjöllunin byggir á upplýsingum upp úr Sveitasjóðareikningum Hagstofu Íslands. Tölurnar eru frá árunum 1994 til 1999

Í skýrslunni var sjónum beint að Vesturlandi. Skoðuð var þróunin fyrir Vesturland í heild og síðan einstök sveitarfélög. Í einstaka tilfellum voru sveitarfélög sett saman. Til frekari viðmiðunar var litið á þróun fyrir landið allt, höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina. Í töflu 10 eru þessi svæði tekin saman og þeim gefið flokkanúmer.

Tafla 10: Svæði og flokkanúmer þeirra.	
<i>Flokkur</i>	<i>Svæði</i>
1	Landið allt
2	Höfuðborgarsvæðið
3	Landsbyggðin
4	Vesturland
5	Akranes
6	Borgarfjarðarsýsla án Akranes
7	Borgarbyggð
8	Kolbeinsstaða-, Eyja & Miklaholtshreppur
9	Snæfellsbær
10	Eyrarsveit
11	Stykkishólmsbær
12	Dalabyggð
13	Saubæjarhreppur

Í töflu 11 til 16 er að finna gögnin sem tekin voru upp úr Sveitarsjóðareikningum Hagstofu Íslands til grundvallar útreikningum og þeim samaburði sem er að finna í meginmáli skýrslunnar.

Tafla 11: Árið 1994			
Heimild Sveitarsjóðareikningar Hagstofu Íslands 1994			
Flokkur	Svæði	Fjöldi íbúa	Útsvar
1	Landið allt	266509	19581
2	Reykjavík	103020	7391
2	Kópavogur	17427	1240
2	Seltjarnarnes	4502	379
2	Garðabær	7688	637
2	Hafnarfjörður	17231	1266
2	Bessastaðahreppur	1209	83
2	Mosfellsbær	4793	361
4	Vesturlandskjördæmi	14063	1018
5	Akranes	5156	396
6	Borgarfjarðarsýsla án Akranes	1355	77
7	Borgarbyggð	2533	163
8	Kolbeinsstaða-, Eyja & Miklaholts hreppur		
9	Snæfellsbær	1848	153
10	Eyrarsveit	915	73
11	Stykkishólmsbær	1334	101
12	Dalabyggð	734	45
13	Saurbæjarhreppur		

Tafla 12: Árið 1995			
Heimild Sveitarsjóðareikningar Hagstofu Íslands 1995			
Flokkur	Svæði	Fjöldi íbúa	Útsvar
1	Landið allt	267448	21032
2	Reykjavík	104258	8096
2	Kópavogur	17659	1458
2	Seltjarnarnes	4541	411
2	Garðabær	7801	686
2	Hafnarfjörður	17537	1359
2	Bessastaðahreppur	1230	87
2	Mosfellsbær	4917	381
4	Vesturlandskjördæmi	14060	1097
5	Akranes	5105	437
6	Borgarfjarðarsýsla án Akranes	1299	82
7	Borgarbyggð	2513	170
8	Kolbeinsstaða-, Eyja & Miklaholts hreppur		
9	Snæfellsbær	1295	107
10	Eyrarsveit	952	77
11	Stykkishólmsbær	1823	160
12	Dalabyggð	706	46
13	Saurbæjarhreppur		

Tafla 13: Árið 1996			
Heimild Sveitarsjóðareikningar Hagstofu Íslands 1996			
Flokkur	Svæði	Fjöldi íbúa	Útsvar
1	Landið allt	269264,0	25244,4
2	Reykjavík	105458,0	9852,2
2	Kópavogur	18550,0	1826,4
2	Seltjarnarnes	4559,0	487,2
2	Garðabær	7831,0	807,6
2	Hafnarfjörður	17935,0	1636,9
2	Bessastaðahreppur	1285,0	114,6
2	Mosfellsbær	4976,0	473,2
4	Vesturlandskjördæmi	13800,0	1283,3
5	Akranes	5074,0	514,4
6	Hvalfjarðarstrandahreppur	165,0	12,6
6	Skilmannahreppur	126,0	10,4
6	Innri-Akraneshreppur	124,0	11,8
6	Leirár- og Melahreppur	139,0	8,9
6	Andakílshreppur	288,0	21,7
6	Skorradalshreppur	47,0	4,6
6	Lundareykjadalshreppur	97,0	5,3
6	Reykholtisdalshreppur	244,0	16,8
6	Hálsahreppur		
6	Hvítársíðahreppur	77,0	4,2
6	Þverárhliðahreppur	72,0	4,8
7	Borgarhreppur	133,0	9,6
7	Alftaneshreppur	97,0	6,3
7	Borgarbyggð	2097,0	176,5
8	Kolbeinsstaðahreppur		
10	Eyrarsveit	944,0	90,2
11	Helgafellssveit	68,0	4,2
11	Stykkishólmur	1275,0	123,3
12	Skógarstrandahreppur	39,0	2,2
8	Eyja- og Miklaholtshreppur	137,0	8,8
9	Snæfellsbær	1768,0	188,1
13	Saurbæjarhreppur	105,0	6,1
12	Dalabyggð	684,0	52,7

Tafla 14: Árið 1997			
Heimild Sveitarsjóðareikningar Hagstofu Íslands 1997			
Flokkur	Svæði	Fjöldi íbúa	Útsvar
1	Landið allt	271620,0	30764,7
2	Reykjavík	106567,0	11924,4
2	Kópavogur	19826,0	2323,9
2	Seltjarnarnes	4612,0	605,6
2	Garðabær	7840,0	1004,8
2	Hafnarfjörður	18209,0	2087,0
2	Bessastaðahreppur	1359,0	199,6
2	Mosfellsbær	5221,0	591,0
4	Vesturlandskjördæmi	13748,0	1544,6
5	Akranes	5127,0	630,6
6	Hvalfjarðarstrandahreppur	167,0	15,1
6	Skilmannahreppur	125,0	13,6
6	Innri-Akraneshreppur	123,0	13,1
6	Leirár- og Melahreppur	127,0	10,7
6	Andakílshreppur	279,0	26,8
6	Skorradalshreppur	46,0	5,6
6	Lundareykjadalshreppur	96,0	5,4
6	Reykholtsdalshreppur	221,0	18,6
6	Hálsahreppur	89,0	
6	Hvítársíðahreppur	83,0	5,8
6	Þverárhliðahreppur	72,0	4,8
7	Borgarhreppur	132,0	12,2
7	Alftaneshreppur	96,0	7,1
7	Borgarbyggð	2082,0	220,4
8	Kolbeinsstaðahreppur	115,0	6,7
10	Eyrarsveit	925,0	104,4
11	Helgafellssveit	66,0	5,5
11	Stykkishólmur	1268,0	152,1
12	Skógarstrandahreppur	39,0	2,5
8	Eyja- og Miklaholtshreppur	122,0	9,5
9	Snæfellsbær	1730,0	206,8
13	Saurbæjarhreppur	106,0	
12	Dalabyggð	707,0	67,0

Tafla 15: Árið 1998			
Heimild Sveitarsjóðareikningar Hagstofu Íslands 1998			
<i>Flokkur</i>	<i>Svæði</i>	<i>Fjöldi íbúa</i>	<i>Útsvar</i>
1	Landið allt	274918,0	34434,9
2	Reykjavík	108362,0	13457,0
2	Kópavogur	21376,0	2901,7
2	Seltjarnarnes	4683,0	684,1
2	Garðabær	7885,0	1108,7
2	Hafnarfjörður	18597,0	2315,7
2	Bessastaðahreppur	1418,0	171,4
2	Mosfellsbær	5496,0	678,8
4	Vesturlandskjördæmi	13863,0	1709,6
5	Akranes	5187,0	706,2
6	Hvalfjarðarstrandahreppur	167,0	17,0
6	Skilmannahreppur	127,0	15,1
6	Innri-Akraneshreppur	113,0	16,9
6	Leirár- og Melahreppur	132,0	12,5
6	Skorradalshreppur	53,0	4,2
6	Borgarfjarðarsveit	680,0	63,1
6	Hvítársíðahreppur	82,0	5,7
7	Borgarbyggð	2416,0	271,4
8	Kolbeinsstaðahreppur	115,0	8,9
10	Eyrarsveit	943,0	112,2
11	Helgafellssveit	65,0	6,3
11	Stykkishólmur	1242,0	161,9
8	Eyja- og Miklaholtshreppur	124,0	12,0
9	Snæfellsbær	1721,0	221,2
13	Saurbæjarhreppur	99,0	
12	Dalabyggð	696,0	75,0

Tafla 16: Árið 1999			
Heimild Sveitarsjóðareikningar Hagstofu Íslands 1999			
<i>Flokkur</i>	<i>Svæði</i>	<i>Fjöldi íbúa</i>	<i>Útsvar</i>
1	Landið allt	277662,0	38778,0
2	Reykjavík	109795,0	16193,1
2	Kópavogur	22568,0	3334,5
2	Seltjarnarnes	4660,0	740,9
2	Garðabær	7927,0	1238,8
2	Hafnarfjörður	19136,0	2604,2
2	Bessastaðahreppur	1436,0	193,4
2	Mosfellsbær	5849,0	781,4
4	Vesturlandskjördæmi	13961,0	1807,9
5	Akranes	5342,0	734,3
6	Hvalfjarðarstrandahreppur	153,0	18,1
6	Skilmannahreppur	135,0	14,9
6	Innri-Akraneshreppur	121,0	14,9
6	Leirár- og Melahreppur	137,0	13,8
6	Skorradalshreppur	45,0	5,9
6	Borgarfjarðarsveit	667,0	69,7
6	Hvítársíðahreppur	85,0	6,5
7	Borgarbyggð	2426,0	287,6
8	Kolbeinsstaðahreppur	113,0	8,1
10	Eyrarsveit	943,0	118,1
11	Helgafellssveit	56,0	6,9
11	Stykkishólmur	1216,0	168,8
8	Eyja- og Miklaholtshreppur	115,0	12,1
9	Snæfellsbær	1727,0	246,5
13	Saurbæjarhreppur	95,0	
12	Dalabyggð	680,0	81,7

Í töflu 17 er að finna þá vísitölu sem notuð var til að færa tölur Sveitasjóðareikninga yfir á verðlag eins árs.

Tafla 17: Vísitala neysluverðs: Heimild	
Landshagir 2000	
Ár	Vísitala neysluverðs
1994	899.722,0
1995	914.592,0
1996	935.346,0
1997	952.183,0
1998	968.161,0
1999	1.001.228,3

6 Heimildaskrá

Hagstofa Íslands, Landshagir 2000, Hagstofa Íslands, Reykjavík, 2000.

Hagstofa Íslands, Sveitarsjóðareikningar 1994, Hagstofa Íslands, Reykjavík, 1995.

Hagstofa Íslands, Sveitarsjóðareikningar 1995, Hagstofa Íslands, Reykjavík, 1996.

Hagstofa Íslands, Sveitarsjóðareikningar 1996, Hagstofa Íslands, Reykjavík, 1997.

Hagstofa Íslands, Sveitarsjóðareikningar 1997, Hagstofa Íslands, Reykjavík, 1998.

Hagstofa Íslands, Sveitarsjóðareikningar 1998, Hagstofa Íslands, Reykjavík, 1999.

Hagstofa Íslands, Sveitarsjóðareikningar 1999, Hagstofa Íslands, Reykjavík, 2000.